



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og samgöngusvið

Alþingi
Erindi nr. P 140/1741
komudagur 13.4.2012

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 13. apríl 2012
Tilvísun: 2012040144

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, með síðari breytingum, þjsk. 933, mál nr. 598

Vísað er til tölvubréfs nefndasviðs Alþingis dags. 27. mars 2012 þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, með síðari breytingum, þjsk. 933, mál nr. 598. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur farið yfir frumvarpið og gerir eftirfarandi athugasemdir.


Fyrirliggjandi frumvarp er samið í þeim tilgangi að koma til móts við athugasemdir Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um að tilskipun nr. 85/337/EB hafi ekki verið rétt innleidd hér á landi með lögum nr. 106/2000. Athugasemdir ESA beinast aðallega að viðmiðunarmörkum um tilkynningaskyldu framkvæmda en með frumvarpinu er ætlunin að ná böndum yfir þær framkvæmdir sem í dag eru hvorki mats- né tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar því þær ná ekki ákveðnum viðmiðunarmörkum, en geta engu að síður verið líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Í frumvarpinu er lagt til að framkvæmdir sem undir lögin falli verði flokkaðar í þrjá flokka A, B og C. Framkvæmdir sem eru í flokki A eru ávallt matsskyldar á meðan framkvæmdir sem falla í flokk B eru tilkynningarskyldar en fara sjálfkrafa í umsagnarferli þar sem í ljós kemur hvort þær fari í mat eður ei. Í flokk C falla framkvæmdir sem hingað til hafa fallið utan viðmiðunarmarkna en lagt er til að verði tilkynningarskyldar. HER lítur á það til bóta að fleiri framkvæmdir sem eru líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif verði tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar, en áður hafa verið, t.d. ákveðnar framkvæmdir er varða vegagerð (1. viðauki töluliður 10.10) og fiskeldi (1 viðauki töluliður 1.12).

Þó vill HER benda á að nái frumvarpið fram að ganga er líklegt að málum er varðar tilkynningarskyldar framkvæmdir til Skipulagsstofnunar fjölgi verulega og við það þeim málum sem koma til umsagnar heilbrigðiseftirlitsins. HER gerir athugasemd við að í umsögn fjárlagaskrifstofu Fjármálaráðuneytisins sem fylgir með frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir kostnaðaraukningu hjá sveitafélögum og heilbrigðiseftirliti vegna aukinnar vinnu við gerð umsagna.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gerir ráð fyrir að fá frumvarpið aftur til umsagnar á síðari stigum.

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur


Kristín L. Ólafsdóttir
heilbrigðisfulltrúi



Umhverfis- og samgöngusvið hefur
vottað umhverfisstjórnunarkerfi í
samræmi við staðalinn ISO 14001

Borgartún 12 - 14
105 Reykjavík
Sími 411 1111
Fax 411 8505
www.umhverfissvið.is